

REGLUR

um þóknun til höfunda vegna opinbers flutnings tónverka og bókmenntaverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir

1. gr.

Höfundum ber þóknun fyrir opinberan flutning tónverka og bókmenntaverka við guðsþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir sem flutt eru á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 21. gr höfundalaga nr. 73/1972.

2. gr.

STEF, sem eru opin félagasamtök höfunda og rétthafa um höfundarétt á sviði tónlistar og sem annast innheimtu höfundaréttargjalda fyrir hönd tón- og textahöfunda, gerir samninga við trúfélög um þóknunir skv. 1. gr. Skulu þeir samningar gerðir með hliðsjón af 26. gr. d höfundalaga nr. 73/1972 með síðari breytingum.

3. gr.

Tónmenntasjóður kirkjunnar sem stofnaður var á grundvelli eldri reglna, sbr. reglur nr. 232 frá 11. júlí 1974 og felldar eru niður með 5. gr. þessara reglna, verður lagður niður. Skipulagsskrá fyrir Tónmenntasjóð kirkjunnar nr. 235/1974, verður einnig aflögð.

4. gr.

Greiðslur þær sem innheimtar eru fyrir hönd höfunda skv. 1. og 2. grein skal úthlutað í samræmi við úthlutunarreglur STEFs til bæði tón- og textahöfunda. Trúfélög skulu láta STEFi í té allar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir um tónlistarflutning og þörf er á fyrir úthlutun og útborgun réttindagreiðslna til rétthafa. Slíkar upplýsingar skal afhenda eigi sjaldnar en árlega.

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 21. gr. höfundalaga nr. 73/1972 öðlast þegar gildi. Með reglum þessum falla um leið eldri reglur nr. 232 frá 11. júlí 1974 úr gildi.

Menntamálaráðuneytið [dagsetning]

Undirritun